

Talning atkvæða

Verklag og leiðbeiningar



27.05.2024
Útgáfa 1.0

Efnisyfirlit

Verklag talningar atkvæða í forsetakosningum	3
Aðdragandi talningar	4
Umboðsmenn framboða.....	5
Undirbúningur og framkvæmd talningar.....	6
Afstemming við opnun atkvæðakassa	7
Blöndun og flokkun atkvæða	8
Talning atkvæða	9
Meðferð utankjörfundaratkvæða sem ágreiningur er um - 95. gr. kosningalaga	10
Vafaatkvæði og ágreiningsseðlar	11
Talningarskýrsla	12

Verklag talningar atkvæða í forsetakosningum

Markmið þessara leiðbeininga er að tryggja að atkvæði í forsetakosningum séu talin með nákvæmum, öruggum og rekjanlegum hætti í samræmi við ákvæði [kosningalaga](#) og [reglugerðar um talningu atkvæða nr. 447/2024](#).

Talning atkvæða fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar kjördæmis. Yfirkjörstjórn kjördæmis getur ákveðið að talning geti einnig farið fram hjá umdæmiskjörstjórn á öðrum stað í kjördæminu, til að auðvelda og flýta fyrir talningu í stórum kjördæmum. Ef umdæmiskjörstjórn er skipuð þarf hún að fylgja sama verklagi við þá talningu.¹

Yfirkjörstjórn kjördæmis þarf að tryggja að atkvæði séu talin af nákvæmni og í samræmi við lög og reglugerðir, þ.m.t. að talning sé framkvæmd á öruggum stað þar sem hægt er að tryggja hnökralausa framkvæmd, að hún sé unnin af starfsfólki sem hefur fengið fræðslu og þjálfun og að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð.

Nauðsynleg aðföng þurfa að vera til staðar og skrá þarf framvindu talningar og ákvarðanir tengdar henni í gerðabók. Mögulegt þarf að vera að sannreyna niðurstöður og vinnubrögð talningar.²



Ef það er munur á því sem stendur í lögum, reglugerðum, reglum, fyrirmælum eða öðru og því sem hér stendur þá ganga þau alltaf framur en þessar leiðbeiningar og þær eru aðeins til viðmiðunar fyrir yfirkjörstjórnir.

¹ 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um talningu atkvæða nr. 447/2004 (hér eftir talningareglugerð)

² 3. mgr. 3. gr. talningareglugerðar.

Aðdragandi talningar

Húsnæði

Nokkru fyrir kjördag þarf að velja hentugt húsnæði fyrir talningu.

Við val á húsnæði þarf að huga að:³

- góðu aðgengi,
- nægu rými fyrir alla verkþætti talningar,
- aðstöðu fyrir yfirkjörstjórn, starfsfólk, umboðsmenn framboða, fjölmiðla og almenning sem vill fylgjast með talningunni,
- því að hægt sé að loka, læsa og innsigla talningarsal,
- því að öll aðföng séu til staðar, t.d. borð, stólar, ílát til blöndunar atkvæða og geymslu atkvæða og ritföng.

Starfsfólk

Yfirkjörstjórn ræður starfsfólk og heldur fund með þeim áður en flokkun og talning hefst þar sem farið er yfir hlutverk aðila í kosningum, þjálfar það og fræðir.⁴

Starfsfólk skal undirrita yfirlýsingu um að það haldi trúnað um þær persónuupplýsingar sem það kann að verða áskynja um í störfum sínum.⁵

Tilnefna skal talningarstjóra sem hefur yfirumsjón með talningarferlinu og er tengiliður yfirkjörstjórnar við starfsfólk talningar. Talningarstjóri getur komið úr röðum yfirkjörstjórnar.⁶

Auglýsingar og tilkynningar

- Fyrir 25. maí þarf yfirkjörstjórn að auglýsa hvar og hvenær talning atkvæða í kosningum fari fram. Auglýsinguna skal birta á kosning.is en jafnframt er heimilt að birta hana víðar, s.s. í fjölmiðlum ákveði yfirkjörstjórn það.⁷
- Tilkynna þarf umboðsmönnum framboða hvar og hvenær flokkun og undirbúningur talningar fer fram, t.d. með tölvupósti.⁸ [Hér eru upplýsingar um umboðsmenn frambjóðenda eftir kjördæmum.](#)

³ 6. gr. talningareglugerðar

⁴ 1. og 2. mgr. 6. gr. talningareglugerðar

⁵ 3. mgr. 7. gr. talningareglugerðar

⁶ 4. mgr. 7. gr. talningareglugerðar

⁷ 1. mgr. 5. gr. talningareglugerðar

⁸ 2. mgr. 5. gr. talningareglugerðar

Umboðsmenn framboða

Umboðsmenn gegna mikilvægu eftirlitshlutverki við bæði kosningar og talningu.

Yfirkjörstjórn skal halda upplýsingafund með umboðsmönnum þar sem farið er yfir hlutverk aðila, reglur sem gilda og þær heimildir sem umboðsmenn hafa.⁹

Hver yfirkjörstjórn skal tilnefna einhvern eða einhverja til að vera tengiliðir við umboðsmenn á talningarstað.¹⁰

Umboðsmenn eiga rétt á því að vera viðstaddir til dæmis þegar tekið er á móti atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á móti öðrum kjörgögnum, við flokkun og talningu atkvæða og uppgjör og úrskurði yfirkjörstjórna um vafaatkvæði. Þá mega umboðsmenn bóka athugasemdir sínar í gerðabók.¹¹

Ef umboðsmenn eru ekki viðstaddir undirbúning talningar eða talningu skal yfirkjörstjórn kalla til fólks, úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta hagsmuna framboðsins. Gangi það ekki eftir, skal yfirkjörstjórn engu að síður tryggja að einhver sé viðstaddur til að gæta hagsmuna framboðsins.¹²

Vakin er athygli á því að þessi regla er annars eðlis en þær reglur sem fjalla um réttindi umboðsmanna að því leyti að beinlínis er kveðið á um **skyldu kjörstjórnar** til að sjá til þess að einhver sé viðstaddur til að gæta réttinda framboðs.

⁹ 1. mgr. 9. gr. talningareglugerðar

¹⁰ 2. mgr. 9. gr. talningareglugerðar

¹¹ 1. mgr. 8. gr. talningareglugerðar

¹² 2. mgr. 8. gr. talningarreglugerðar og 2. mgr. 21. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna nr. 499/2024.

Undirbúningur og framkvæmd talningar

Flokkun atkvæða

Áður en kjörfundi lýkur má hefja flokkun atkvæða. Það þarf að gerast inni í lokuðu og innsigliðu rými sem er vaktað af hálfu yfirkjörstjórnar.¹³

Óheimilt er að hafa með sér síma, tölvu, heyrnartól, snjallúr eða annað fjarskiptatæki inn í talningarsal sem og hvers konar myndavélar eða hljóðupptökutæki.¹⁴ Þetta er gert svo að engar upplýsingar fari út af flokkunarstað sem gætu þá haft áhrif á kosninguna sem enn er opin.

- Talningarstjóri má þó hafa tölvu við afstemmingu og flokkun og undirbúning talningar en hún má ekki að vera tengd neti eða öðrum fjarskiptabúnaði.¹⁵

ATHUGIÐ! Ekki má byrja að **telja** atkvæði heldur aðeins **flokka** þau áður en kjörfundi lýkur.

Talning

Talning hefst að loknum kjörfundi fyrir opnum dyrum.

Almenningur á rétt á að vera viðstaddur talningu atkvæða á skilgreindu áhorfendasvæði en yfirkjörstjórn hefur heimild til að vísa fólki af talningarstað sem ekki fer að fyrirmælum.¹⁶

Yfirkjörstjórn tekur við atkvæðakössum og kjörgögnum frá kjördeildum af kjörstöðum. Bóka þarf um móttökuna í gerðabók og hver afhenti gögnin. Mikilvægt er að athuga að atkvæðakassar séu heilir og innsigli ósködduð.¹⁷

¹³ 2. mgr. 11. gr. talningareglugerðar


¹⁴ 3. mgr. 11. gr. talningareglugerðar

¹⁵ 3. mgr. 11. gr. talningareglugerðar

¹⁶ 12. gr. talningareglugerðar


¹⁷ 1. mgr. og 4. mgr. 13. gr. talningareglugerðar

Afstemming við opnun atkvæðakassa¹⁸



¹⁸ 14. gr. talningareglugerðar

Blöndun og flokkun atkvæða




¹⁹ 15. gr. talningareglugerðar

²⁰ 1. mgr. og 3. mgr. 16. gr. talningareglugerðar

²¹ 5. mgr. 16. gr. talningareglugerðar

²² 6. mgr. 16. gr. talningareglugerðar

Talning atkvæða



- Heimilt er að tilkynna um framvindu talningar og skulu þær millitölur þá bókaðar í gerðabók.³¹



Ef hlé er gert á talningu eða henni frestað þarf að tryggja að kjörseðlar og önnur kjörgögn séu varðveitt með tryggilegum hætti og fyrir luktum dyrum sem skulu innsiglaðar.³²

²³ 1. mgr. 17. gr. talningareglugerðar

²⁴ 2. mgr. 17. gr. talningareglugerðar

²⁵ 3. mgr. 17. gr. talningareglugerðar

²⁶ 4. mgr. 17. gr. talningareglugerðar

²⁷ 4. mgr. 17. gr. talningareglugerðar

²⁸ 4. mgr. 17. gr. talningareglugerðar

²⁹ 1. mgr. 22. gr. talningareglugerðar

³⁰ 1. mgr. 25. gr. talningareglugerðar

³¹ 2. mgr. 22. gr. talningareglugerðar

³² 21. gr. talningareglugerðar

Meðferð utankjörfundaratkvæða sem ágreiningur er um - 95. gr. kosningalaga

Undirkjörstjórn og umboðsmenn:

Ef ágreiningur er innan undirkjörstjórnar, eða milli undirkjörstjórnar og umboðsmanns, um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt skal undirkjörstjórnin bóka nákvæmlega í gerðabók í hverju ágreiningurinn felst og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn:

Yfirkjörstjórn tekur við þessum utankjörfundaratkvæðum úr brúna atkvæðaumslaginu og úrskurðar um þau. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar.³³

Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði ef: (94. gr.)

- a. sendandinn er ekki á kjörskrá,
- b. sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. ákvæði til bráðabirgða II,
- c. sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
- d. í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,
- e. sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er landskjörstjórn hefur látið gera,
- f. ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
- g. atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 68. gr. og 7. mgr. 69. gr. (2. maí – 1. júní 2024).

Yfirkjörstjórn bókar hve mörg utankjörfundaratkvæði eru tekin til greina, hve mörg eru ekki tekin til greina og af hvaða ástæðu.³⁴

Hér er verið að meta skilyrði 94. gr. kosningalaganna, en ekki kjörseðilinn sjálfan.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar er endanleg. Ef ágreiningur er um gildi utankjörfundaratkvæðis ræður meirihluti yfirkjörstjórnar. Athugið að þetta á **ekki** við um atkvæðaseðilinn sjálfan heldur það sem fjallað er um í 94. gr. kosningalaganna.

Fyrirmynd að bókun skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um talningu atkvæða nr. 480/2024:

Móttekin hafa verið _____ utankjörfundaratkvæði sem vafi leikur á hvort taka eigi til greina. Kjörstjórn hefur rannsakað atkvæðin m.a. með tilliti til 94. gr. kosningalaga og er úrskurður hennar sá að ___ utankjörfundaratkvæði eru tekin til greina og ___ utankjörfundaratkvæði eru ekki tekin til greina.

Ástæður þess að atkvæðin eru ekki tekin til greina eru:

- Sendandinn er ekki á kjörskrá, samtals _____ atkvæði.
- Sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, samtals _____ atkvæði.
- Sendandinn hefur látist fyrir kjördag, samtals _____ atkvæði.
- Í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag, samtals _____ atkvæði.
- Sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er landskjörstjórn hefur látið gera, samtals _____ atkvæði.
- Ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, samtals _____ atkvæði.

³³ 95. gr. kosningalaga og 1. mgr. 18. gr. talningareglugerðar.

³⁴ 2. mgr. 18. gr. talningareglugerðar

- Atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 68. gr. og 7. mgr. 69. gr, samtals _____ atkvæði

Ef ekkert að ofantöldu á við skal bóka um það sérstaklega hvers vegna utankjörfundaratkvæði var ekki tekið til greina.

Bóka skal hvaða umboðsmenn voru viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar og geta þess fyrir hvaða framboð þeir eru.

Þau utankjörfundaratkvæði sem yfirkjörstjórn úrskurðar gild skulu síðan send til talningar.³⁵

Vafaatkvæði og ágreiningsseðlar

Yfirkjörstjórn úrskurðar um gildi vafaatkvæða sem berast úr talningu og er umboðsmönnum heimilt að vera viðstaddir þessa úrskurði.³⁶

Alla jafna skal úrskurða um vafaatkvæði jafnóðum og þau koma fyrir, en ekki seinna en í lok hvernar talningarlotu. Ef umboðsmenn gera ekki athugasemd er heimilt að úrskurða um vafaatkvæði úr **fyrstu tveimur** talningarlotunum saman í lok síðari talningarlotunnar.³⁷

- Talningarlota er þegar fyrirfram ákveðið magn atkvæða eru talin, t.d. ef talin eru 20.000 atkvæði í fyrstu lotu og 10.000 í annarri talningarlotu.

[Mat á gildi atkvæðis – sjá greinar 102., 103. og 105. gr. kosningalaganna.](#)

Hvað er gert við vafaatkvæði?

- Yfirkjörstjórn og umboðsmenn eru sammála um að seðill sé gildur = hann er sendur í talningu, ekki haldið sérstaklega eftir.
- Yfirkjörstjórn og umboðsmönnum kemur saman um að seðill sé ógildur = hann er ógildur.³⁸
- Yfirkjörstjórn er ósammála um gildi seðils, þ.e. ágreiningur innan yfirkjörstjórnar = meirihlutinn ræður, atkvæðið talið ef það er metið gilt og það síðan sent landskjörstjórn í umslagi „Umslag fyrir ágreiningsseðla – Ágreiningur innan yfirkjörstjórnar“.³⁹
- Yfirkjörstjórn og umboðsmaður eru ósammála =
 - Ef atkvæðið er metið gilt af yfirkjörstjórn er það talið, en síðan sett í umslagið „Umslag fyrir ágreiningsseðla“ sem úrskurðaðir hafa verið gildir af yfirkjörstjórn og sent landskjörstjórn.⁴⁰
 - Ef atkvæðið er metið ógilt af yfirkjörstjórn er það ekki talið, en sett í umslagið „Umslag fyrir ágreiningsseðla“ sem úrskurðaðir hafa verið ógildir af yfirkjörstjórn og sent landskjörstjórn.⁴¹

Landskjörstjórn hefur gert fyrirmynd að tveimur Excel skjölum sem mælst er til að yfirkjörstjórnir noti í því skyni að skýra úrskurð sinn á **gildi** eða **ógildi** atkvæða.

³⁵ 3. mgr. 18. gr. talningareglugerðar

³⁶ 1. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

³⁷ 1. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

³⁸ 2. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

³⁹ 3. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

⁴⁰ 5. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

⁴¹ 5. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

Þegar skjölin hafa verið útfyllt eru þau, ásamt viðeigandi ágreiningsseðlum, sett í „Umslag fyrir ágreiningsseðla“ – annað hvort umslag merkt ágreiningsseðlum sem úrskurðaðir hafa verið **gildir** eða umslagt merkt ágreiningsseðlum sem úrskurðaðir hafa verið **ógildir** og sendir landskjörstjórn sem úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna sbr. 2. mgr. 120.gr. kosningalaga.⁴²

Bóka þarf í gerðabók:⁴³

- hve margir kjörseðlar eru teknir til úrskurðar
- hve margir kjörseðlar eru gildir og hvaða frambjóðanda atkvæðið telst greitt
- hve margir kjörseðlar eru ógildir og af hvaða ástæðu.

Landskjörstjórn útvegar yfirkjörstjórnnum leiðbeiningar um mat á vafaatkvæðum í kosningum.⁴⁴

Talningarskýrsla

Að lokinni talningu atkvæða skal yfirkjörstjórn senda landskjörstjórn talningarskýrslu um niðurstöðu talningar ásamt ágreiningsseðlum.⁴⁵

Talningarskýrslur til útfyllingar eru aðgengilegar á Teams svæði yfirkjörstjórna.

⁴² 6. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

⁴³ 8. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

⁴⁴ 9. mgr. 20. gr. talningareglugerðar

⁴⁵ 25. gr. talningarreglugerðar